

Fljótsdalshérað  
Lyngási 12  
700 Egilsstaðir

Reykjavík, 18. desember 2019  
UST201904-166/S.M.  
08.14.02

### **Reglubundið eftirlit á urðunarstað Fljótsdalshéraðs**


Þann 17. september sl. fór fram reglubundið eftirlit á urðunarstað Fljótsdalshéraðs við Tjarnarland. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

#### **Tvær ábendingar voru gerðar í eftirlitinu og eitt frávik kom fram er varðar:**

1. Gr. 5.1 í starfsleyfi. Skráningar vegna t.l. 4 og 9-13 eru ekki fullnægjandi. Mæla skal sig á urðunarstaðnum og er sjónmat ekki fullnægjandi. Ekki er fullnægjandi að vísa í veðurfarsmælingar heldur skulu þær fylgja skýrslu um niðurstöður skráninga.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindu atriði í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 8. janúar, 2020.

Virðingarfyllst

  
Sigríður Magnúsdóttir

  
Gottskálk Friðgeirsson

Afrit: Heilbrigðisnefnd Austurlands

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Fljótsdalshérað Tjarnarland



|                            |                 |                                |                         |
|----------------------------|-----------------|--------------------------------|-------------------------|
| <b>Dags eftirlits</b>      | 17.9.2019       | <b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b> | Sigríður Magnúsdóttir   |
| <b>Fyrirtæki</b>           | Fljótsdalshérað | <b>Eftirlitsmaður</b>          | Dröfn Svanbjörnsdóttir  |
| <b>Heimili</b>             | Lyngási 12      | <b>Tegund eftirlits</b>        | Framselt eftirlit       |
| <b>Kennitala</b>           | 4810043220      | <b>Flokkur</b>                 | Úrgangur og efnamóttaka |
| <b>Fulltrúi fyrirtækis</b> | Freyr Ævarsson  | <b>ÍSAT nr.</b>                |                         |
| <b>Fulltrúi fyrirtækis</b> |                 | <b>Staðsetning</b>             |                         |

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram við eftirlit er varðar skil á skráningum og tvær ábendingar voru gerðar er varða uppfærslu viðbragðs- og neyðaráætlunar. Eldra frávik er varðar geymslu á urðunarstaðnum helst áfram opið þar sem úrbætur hafa ekki verið gerðar. Staðfestar voru úrbætur vegna þriggja eldri frávik er varða viðhald girðinga, laus fokefni og endurvinnanlegan úrgang í urðunarrein fyrir grófan úrgang.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Heilbrigðiseftirliti Austurlands (HAUST) samkvæmt samningi þar um. Eftirlitsmaður var Dröfn Svanbjörnsdóttir.

Samkvæmt starfsleyfi Fljótsdalshéraðs fyrir urðunarstaðinn er undanþága frá kröfum í I. viðauka reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs, þ.e. dregið var úr kröfum um jarðfræðilegan tálma og botnþéttingu annarra urðunarhólfa en fyrir sláturúrgang, sbr. gr. 3.2 í starfsleyfi og undanþága um söfnun hauggass, sbr. gr. 3.4 í starfsleyfi. Jafnframt er ekki krafa um sýnatöku og mælingar á hauggasi, endurskoða skal á fjögurra ára fresti gögn um áætlaða losun hauggass á urðunarstaðnum. Rekstraraðili hefur skilað gögnum um áætlaða losun hauggass á urðunarstaðnum, sent 7.10.2019.

Rekstraraðili hefur uppfært umhverfismarkmið fyrir urðunarstaðinn, sbr. gr. 2.1 í starfsleyfi en á fjögurra ára fresti skulu þau endurskoðuð.

Uppfæra þarf viðbragðsáætlun rekstraraðila með hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um tilkynningar vegna mengunaróhappa. Þá eru hlutar neyðaráætlunar úreltir þar sem vísað er til urðunarstaðar og sorpbrennslu sem ekki eru lengur í rekstri og er rekstraraðila bent á að endurskoða neyðaráætlun sína.

Gögn um áhættumat fyrir urðunarstaðinn og leiðbeiningar um tilkynningar vegna mengunaróhappa voru send til rekstraraðila í kjölfar eftirlisferðar.

Rekstraraðili hefur skilað niðurstöðum skráninga fyrir undangengið almanaksár, sbr. gr. 5.1 í starfsleyfi.

Urðunarstaðurinn var skoðaður í fylgd fulltrúa sveitarfélagsins. Eftirfarandi kom fram á vettvangi.

Við aðkomu var hlið opið en verið var að vinna inn á svæðinu. Fram kom að urðað er u.þ.b. 250 daga á ári.

Yfirbragð staðarins var gott. Lífið var um fokefni á svæðinu en tilmæli voru um að ganga um svæðið og hreinsa upp laus úrgangsefni.

Urðunarreinar voru tvær, þ.e. annars vegar fyrir lífrænan úrgang og hinsvegar fyrir almennan - og grófan úrgang.

Fram kom í eftirlitinu að lífið væri urðað í hólfið fyrir lífrænan úrgang. Nú fer lífrænn úrgangur frá eldhúsum í jarðgerð á Reyðarfirði. Engin lykt var við urðunarhólfið og enga fitu var að sjá við innrennsli sigvatns.

Enn voru á svæðinu nokkrir hlutir í geymslu, þ.m.t. gamall vörubíll, girðingapartar og heybaggar sem landeigandi á. Fram kom að unnið væri að því að koma þessum hlutum af svæðinu, m.a. er beðið eftir rúllutætara fyrir heybagga en nota á heyið í landgræðslu.

Í eftirliti sáust þrjár kindur innan girðingar. Svæðið er mjög stórt en á einum stað mátti sjá að vírar í girðingu lágu niðri. Fulltrúi rekstraraðila hafði samband við verktaka urðunarstaðarins sem fóru strax í að laga girðinguna og reka féð af svæðinu.


Frárennslisýni voru tekin í eftirlitsferðinni skv. samkomulagi sveitarfélagsins og HAUST, sbr. gr. 5.2 í starfsleyfi.

Skýrsla með niðurstöðum eftirlitsmælinga, þ.e. liðir 2-6 í gr. 5.2 var send rekstraraðila og Umhverfisstofnun 8.10.2019.

**Frávik frá** **Lýsing á fráviki**

gr. 5.1 í starfsleyfi

Skráningar vegna tl. 4 og 9-13 eru ekki fullnægjandi. Mæla skal sig á urðunarstaðnum og er sjónmat ekki fullnægjandi. Ekki er fullnægjandi að vísa í veðurfarsmælingar heldur skulu þær fylgja skýrslu um niðurstöður skráninga.




## ÁBENDINGAR

1. Rekstraraðila er bent á að uppfæra viðbragðsáætlun sína með hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um tilkynningar vegna mengunaróhappa.
2. Rekstraraðila er bent á að uppfæra neyðaráætlun sína þar sem hlutar hennar eru úreltir.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.  
2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

18.12.2019



---

Sigríður Magnúsdóttir